

Föstudaginn 5. janúar 1996.

Nr. 3/1996.

**Dr. Bruhn Pharma & Kosmetika Vertriebs GmbH**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

**Vigfúsi Guðbrandssyni**

(dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Skýrslutökur undir rekstri máls fyrir Hæstarétti. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. janúar 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 4. desember 1995, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrði heimilað að gefa aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi í tengslum við rekstur máls milli sín og sóknaraðila fyrir Hæstarétti svo og að leiða tiltekið vitni fyrir héraðsdóm til skýrslugjafar af sama tilefni. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað, að umbeðnar skýrslur verði teknar fyrir dómi. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 91/1991, eins og greininni var breytt með 27. gr. laga nr. 133/1993, verður ákvæðum 75. gr. fyrrnefndu laganna beitt við öflun gagna fyrir héraðsdómi í tengslum við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Umrædd ákvæði heyra til XI. kafla laga nr. 91/1991, sem geymir reglur um öflun gagna fyrir öðrum dómi en þar, sem mál er rekið.

Í hinum kærða úrskurði er tekin til greina krafa varnaraðila um, að gagna verði aflað fyrir héraðsdómi í tengslum við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Í e-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um heimild til að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara, þar

sem synjað er um heimild til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómi. Samkvæmt gagnályktun frá því ákvæði brestur heimild til að skjóta hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Verður máli þessu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

---